

Borgarráð

### ***Leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018***

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tillögur starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum, sem skipaður var með erindisbréfi þann 16. nóvember 2018, verði settar í framkvæmd. Tillögurnar verði framkvæmdar af ábyrgðaraðilum þeirra sem tilgreindir eru hér að neðan í samstarfi við samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið eftir atvikum og Samband íslenskra sveitarfélaga, sem lýst hefur yfir áhuga á samstarfi við framkvæmd kynningaráðgerða sem nýst gætu öðrum sveitarfélögum.

#### **1. Framleiðsla og uppsetning aðgengilegra upplýsinga**

Upplýsingum verði safnað um sveitarstjórnarstigið, kosningarétt, kjörstaði og stefnumál flokka. Upplýsingarnar verði settar upp eftir aðferðafræði um aðgengilegar upplýsingar í samráði við sérfræðing.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttindaskrifstofa og skrifstofa borgarstjórnar

**Kostnaðarmat:** 50 – 100 þ.kr.

#### **2. Vefsíða með skýrum og aðgengilegum upplýsingum**

Upplýsingarnar úr tillögu 1 verði aðgengilegar á einni vefsíðu á íslensku, ensku og pólsku. Lagt er til að vefsíðan [www.egkys.is](http://www.egkys.is) verði nýtt í þessum tilgangi vegna sérþekkingar aðstandenda síðunnar á kosningaþátttöku ungs fólks.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttindaskrifstofa

**Kostnaðarmat:** 3.m.kr.

#### **3. Dreifing upplýsinga**

- a) Farið verði í kynningarherferð í samstarfi við auglýsingastofu þar sem vísað verði í vefsíðuna [www.egkys.is](http://www.egkys.is)
- b) Bréfpóstur verði sendur til nýrra kjósenda, ungs fólks og innflytjenda, þar sem þessir hópar eru upplýstir um að þeir hafi öðlast kosningarétt og séu hvattir til að nýta hann.
- c) Bréfpóstur verði sendur til kvenna 80 ára og eldri þar sem þær eru hvattar til kosningaþátttöku og athygli vakin á þeim leiðum sem í boði eru til að komast á kjörstað.
- d) Dreifibréf verði sent í götur þar sem kjörsókn var lægst í borgarstjórnarkosningum 2014.
- e) Tölvupóstur verði á póstlista innan Reykjavíkurborgar og póstlista hagsmunasamtaka

þeirra kjósenda sem reynt verður að ná til.

**Ábyrgðaraðili:** Upplýsingadeild

**Kostnaðarmat:** 3,5 m.kr. auk kostnaðar við samstarf við auglýsingastofu sem liggur ekki fyrir.

#### 4. Samstarf við Háskóla Íslands

Farið verði í samstarf við Háskóla Íslands um gerð kynningarefnis og rannsókn á virkni þess. Háskóli Íslands hanni inngríp og aðgerðir sem miði að því að auka kosningabátttöku ákveðinna hópa og framkvæmi rannsókn á virkni þeirra í kjölfarið.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttindaskrifstofa

**Kostnaðarmat:** 2 m.kr.

#### 5. Aðrar tillögur

5.1. Stuðningur við þjónustunotendur velferðarsviðs

5.2. Söfnun á gögnum um kosningabátttöku innflytjenda

5.3. Upplýsingablað til stjórnmalahreyfinga

5.4. Tillögur sem heyra undir framkvæmdaraðila kosninga

5.5. Bókamerki með merkjum og listabókstövum framboða

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttindaskrifstofa

**Kostnaðarmat:** 1,5-2 m.kr. auk launakostnaðar hjá velferðarsviði.

**Heildarkostnaðarmat:** 10,6 m.kr. auk kostnaðar sem mun fylgja samstarfi við auglýsingastofu (mótun og framsetning á efni, birting o.fl.) og launakostnaði hjá velferðarsviði á kjördag.

Nánari upplýsingar um tillögurnar má sjá í skýrslu starfshóps um leiðir til að auka kosningabátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018.

#### Greinargerð

Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum hefur dregist verulega saman undanfarið eins og kemur fram í tillögu borgarstjóra, dags. 28.9.2017, um stofnun starfshópsins. Frá 2002-2014 lækkaði hún jafnt og þétt um 21 prósentustig í Reykjavík og um 16,7 prósentustig á landsvísu. Kosningabátttaka innflytjenda, ungs fólks og kvenna frá áttæðu og yfir hefur þar mælst áberandi minnst. Einnig varð ljóst í vinnu hópsins að félagsleg staða hefur áhrif á kosningabátttöku og að sérstaklega þurfi að huga að aðgerðum til að auðvelda kosningabátttöku fatlaðs fólks.

Í sveitarstjórnarkosningum 2014 mældist heildarkjörsókn 66,5% en kosningabátttaka 18-19 ára mældist þá 51,9% og kosningabátttaka 20-24 ára mældist 45,4%. Í þingkosningum 2017 hafði bilið þó minnkað en kosningabátttaka 20-24 ára mældist þó 11,6% undir meðaltali.

Kosningabátttaka innflytjenda hefur einnig mælst langt undir meðaltali þegar hún hefur verið mæld. Árið 2014 mældist kosningabátttaka innflytjenda frá Norðurlöndum 56,7% en

kosningaþátttaka innflytjenda frá öðrum löndum mældist aðeins 17%.

Kosningaþátttaka kvenna frá 80 ára aldri mældist 13,8% lægri en karla á sama aldri í sveitarstjórnarkosningum 2014 og 10,2% lægri í síðustu Alþingiskosningum 2017.

Af samtölum starfshópsins við sérfræðinga er ljóst að félagsleg staða hefur einnig áhrif á kjörsókn, en kjörsókn hefur mælst lægri á sömu stöðum og hlutfall innflytjenda er hátt, húsnaðisverð lágt og atvinnuleysi meira en annarsstaðar.

Að lokum hefur verið sýnt fram á að fatlað fólk mætir ýmsum hindrunum við að nýta kosningarétt sinn t.d. vegna skerts aðgengis að upplýsingum, kjörstöðum og vegna skorts á stuðningi við að nýta kosningarétt sinn.

Allir sem starfshópurinn ræddi við töldu stærstu hindrun þeirra hópa sem kysu minna en aðrir vera skort á skýrum, einföldum og aðgengilegum upplýsingum um allt er varðar kosningar. Hvað heyrir undir sveitarstjórnarstigið, upplýsingar um kosningarétt, kjörstaði og ferlið við að kjósa, upplýsingar um stefnu flokkanna í framboði bæði almennt og í málum sem varða þessa hópa sérstaklega o.s.frv. Helstu tillögur hópsins um aðgerðir til að auka kosningaþátttöku almennt og sérstaklega þeirra hópa sem kjósa minna en aðrir eru því fyrst og fremst miðaðar að því að koma þessum upplýsingum á einfalt og aðgengilegt form og miðla þeim til þeirra hópa sem um ræðir á hátt sem hentar hverjum hópi fyrir sig. Ábyrgð á framkvæmd tillagnanna verði á höndum skrifstofu borgarstjórnar, mannréttindaskrifstofu, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og velferðarsviðs.

Dagur B. Eggertsson



Reykjavík, 30. janúar 2018  
R18010392

Borgarráð

***Tillögur starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018***

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 29. janúar sl. var samþykkt að vísa tillögum í skýrslu starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018 til borgarráðs, sbr. 2. lið fundargerðar.

Sandra Dröfn Gylfadóttir  
e.u.

Hjálagt:

Lokaskýrsla starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018, dags. 18.01.2018

Erindisbréf - starfshópur um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018, dags. 16.11.2017





# Skýrsla

starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018

18. janúar 2018



Reykjavíkurborg

## Inngangur

Þann 16. nóvember 2017 skipaði borgarstjóri starfshóp um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018.

Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að gera tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningaþátttöku í næstu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík sbr. tillögu borgarstjóra sem samþykkt var í borgarráði 12. október 2017.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Að gera tillögur að aðgerðum til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018.
- Bæði verði hugað að almennum aðgerðum en sérstaklega leitað leiða til að auka kosningaþátttöku þeirra hópa þar sem kosningaþátttaka hefur verið verri en annarra, t.d. ungs fólks og fólks af erlendum uppruna.
- Leitað verði hugmynda og leiða í samvinnu við sérfróða aðila á sviði markaðs- og kynningarmála, og sjónum í því sambandi einkum beint að samfélagsmiðlum.

Starfshópurinn skipuðu:

Unnur Margrét Arnardóttir, sérfræðingur, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Joanna Marcinkowska, verkefnastjóri, mannréttindaskrifstofa.

Tómas Ingi Adolffson, sérfræðingur, mannréttindaskrifstofa.

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, verkefnastjóri, skrifstofa borgarstjórnar.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 4. desember 2017 til 18. janúar 2018. Hópurinn hélt alls 18 fundi auk vinnufunda.

Starfshópurinn leitaði ráðgjafar hjá sérfróðum aðilum líkt og kveðið er á um í erindisbréfi. Hópnum var settur frekar þröngur tímarammi og því var fundað mjög þétt á tímabilinu. Í heildina gekk starfið frábærlega og vill starfshópurinn sérstaklega þakka öllum sem komu á fund hópsins og veittu okkur ómetanlega innsýn í málaflokkinn út frá sínum sjónarhornum. Án aðkomu alls þessa fólks hefði niðurstaða vinnunnar orðið allt önnur og miklum mun fátæklegri.

Hópurinn fundaði með eftirfarandi aðilum:

- Páll Hilmarsson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Margeir Steinar Ingólfsson, Hugsmiðjunni.
- Tomasz Chrapek og Katarzyna Lukosek, fjölmenningarráði.
- Embla Ýr Indriðadóttir, Elínborg Una Einarsdóttir og Helga Björg Óladóttir, Reykjavíkurráði ungmenna.
- Magnús Þór Torfason og Hulda Þórisdóttir, Háskóla Íslands.
- Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir og Jóhann Bjarki Hall frá verkefninu Ungt fólk til áhrifa.
- Tinna Isebarn og Hildur Björgvinsdóttir frá verkefninu Ég kýs.
- Sveinn Birkir Björnsson, Íslandsstofu.
- Friðrik Sigurðsson frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Snæbjörn Áki Friðriksson frá Átaki, félagi fólks með þroskahömlun.
- Eva Heiða Önnudóttir, Háskóla Íslands.
- Salvör Nordal og Stella Hallsdóttir frá Umboðsmanni barna.
- Andrés Ingi Jónsson, þingmaður og fyrsti flutningsmaður frumvarps um lækkun kosningaaldurs í sveitarstjórnarkosningum.



- Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar.
- Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar.
- Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn átti að auki samtal í tölvupósti við stjórnendur á velferðarsviði um þau verkefni sem merkt eru því sviði og fékk sendar upplýsingar frá Guðrúnu Ágústsdóttur, formanni öldungaráðs, og Stefáni Vilbergssyni, starfsmanni aðgengishóps ÖBÍ, í tengslum við verkefni hópsins.

Starfshópurinn skoðaði gögn um kosningaþátttöku í ýmsum kosningum hingað til og ráðfærði sig við sérfræðinga til að komast að því hvaða hópar það eru sem kjósa síður en aðrir. Auk þeirra hópa sem sérstaklega er minnst á í erindisbréfi, ungs fólks og innflytjenda, varð hópnun ljóst að kosningaþátttaka kvenna tekur skyndilega dýfu á efri árum (langt umfram kosningaþátttöku karla á sama aldri) og að sjá má mynstur eftir hverfishlutum í Reykjavík sem mögulega mætti tengja við hlutfall innflytjenda sem býr þar eða að þar séu tekjur, menntunarstig og félagsleg staða íbúa lægri en annars staðar. Hópurinn ákvað að kynna sér sérstaklega upplifun fatlaðs fólks af þátttöku í kosningum þó ekki séu til gögn um hana svo hópurinn gæti fundið, en það er ljóst að það er hópur sem taka þarf sérstakt tillit til og því rétt að kanna upplifun hans af athöfninni.

## Samantekt - helstu tillögur

Allir sem starfshópurinn ræddi við töldu stærstu hindrun þeirra hópa sem kysu minna en aðrir vera skort á skýrum, einföldum og aðgengilegum upplýsingum um allt er varðar kosningar. Hvað heyrir undir sveitarstjórnarstigið, upplýsingar um kosningarétt, kjörstaði og ferlið við að kjósa, upplýsingar um stefnu flokkanna í framboði bæði almennt og í málum sem varða þessa hópa sérstaklega o.s.frv. Helstu tillögur hópsins um aðgerðir til að auka kosningaþátttöku almennt og sérstaklega þeirra hópa sem kjósa minna en aðrir eru því fyrst og fremst miðaðar að því að koma þessum upplýsingum á einfalt og aðgengilegt form og miðla þeim til þeirra hópa sem um ræðir á hátt sem hentar hverjum hópi fyrir sig.

Tillögurnar eru þannig fram settar að fyrstu fjórar eru stærstar og hanga að miklu leyti saman. Númer fimm er svo safn af öðrum smærri tillögum sem ekki eru háðar hver annarri.

Lagt er til að þeir stjórnendur sem ábyrgð bera á verkefnum hittist í upphafi og setji saman tímalínu og forgangsraði verkefnunum.

Hér er tillögum hópsins lýst stuttlega. Ítarlegri tillögur er að finna í kafla 2.

### **1. Framleiðsla og uppsetning einfaldra og aðgengilegra upplýsinga um borgarstjórnarkosningar 2018**

Safna þarf upplýsingum um sveitarstjórnarstigið, kosningarétt, kjörstaði o.s.frv. auk upplýsinga um stefnumál flokka í framboði og setja þær upp eftir aðferðafræði um einfaldar og aðgengilegar upplýsingar í samstarfi við sérfræðing í slíkri uppsetningu. Lagt er til að mannréttindaskrifstofu verði falið í samvinnu við skrifstofu borgarstjórnar að útfæra söfnun og framsetningu upplýsinganna í samráði við starfshóp um aukna kosningaþátttöku.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa og skrifstofa borgarstjórnar

Kostnaðarmat: 50.000-100.000 kr.

### **2. Vefsíða með skýrum og einföldum upplýsingum um borgarstjórnarkosningar 2018**

Upplýsingar úr tillögu 1 þurfa að vera aðgengilegar á einni vefsíðu, á íslensku, ensku og pólsku að lágmarki, sem upplesið efni, með möguleika á stóru letri og uppsettar á vefsíðunni eftir aðferðafræði um auðlesið efni. Starfshópurinn leggur til að vefsíðan [www.egkys.is](http://www.egkys.is) verði nýtt til þessa vegna sérfræðiþekkingar þeirra á kosningaþátttöku ungs fólks. Aðstandendur þess verkefnis hafa lýst yfir áhuga á samstarfi af þessu tagi.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa

Kostnaðarmat: 3 m.kr.

### **3. Dreifing upplýsinga um borgarstjórnarkosningar 2018 og vefsíðu sbr. tillögu 2**

Kynningarherferð verði hönnuð fyrir borgarstjórnarkosningar 2018 í samstarfi við auglýsingastofu þar sem áhersla verði lögð á að kynna þær upplýsingar sem rætt er um í tillögu 1, meðal annars með því að vísa í vefsíðuna sem um er rætt í tillögu 2. Mikilvægt er að tónninn í herferðinni sýni þeim hópum sem ná skal til virðingu og tali ekki niður til þeirra.

Sendur verði persónulegur bréfpóstur frá Reykjavíkurborg til allra Reykvíkinga sem hafa kosningarétt í fyrsta sinn í borgarstjórnarkosningum vorið 2018 (bæði ungs fólks og innflytjenda) og til kvenna eldri en 80 ára. Auk þess verði sent dreifibréf á þær götur sem síst kusu í borgarstjórnarkosningum 2014. Tölvupóstur verði sendur á viðeigandi póstlista bæði innan Reykjavíkurborgar og þá lista sem hægt er að nálgast gegnum hagsmunasamtök.

Lagt er til að upplýsingadeild verði falið að kostnaðarmeta og útfæra ofangreindar hugmyndir í samráði við starfshóp um aukna kosningaþátttöku.

Ábyrgðaraðili: Upplýsingadeild

Kostnaðarmat: 3,5 m.kr. auk kostnaðar við samstarf við auglýsingastofu sem liggur ekki fyrir en búast má við að verði stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í verkefninu í heild.

#### **4. Samstarf við Háskóla Íslands um gerð kynningarefnis og rannsókn á virkni þess**

Farið verði í samstarf við Háskóla Íslands um hönnun á inngrípum/aðgerðum til að auka kosningaþátttöku ákveðinna hópa og rannsókn á virkni þeirra í kjölfarið til að byggja upp þekkingu til framtíðar á því hvernig best sé að ná til umræddra hópa.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa

Kostnaðarmat: 2 m.kr.

#### **5. Aðrar tillögur**

##### **5.1 Stuðningur við þjónustunotendur velferðarsviðs**

Velferðarsvið tryggi að notendur þjónustu sviðsins fái viðeigandi stuðning til að nýta kosningaréttinn frá faglærðu starfsfólki. Lagt er til að velferðarsvið tryggi að á vakt sé faglærður starfsmaður í öllum búsetuúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar á kjördag.

Einnig er lagt til að skrifstofa borgarstjórnar og mannréttindaskrifstofa aðstoði við fræðslu til starfsfólks um hvernig best megi aðstoða þjónustunotendur við að nýta kosningaréttinn.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar og mannréttindaskrifstofu.

Kostnaðarmat: Fyrirsjáanlegur kostnaður við þessa tillögu felst í launakostnaði faglærðs starfsfólks velferðarsviðs á kjördag.

##### **5.2 Söfnun á gögnum um kosningaþátttöku innflytjenda**

Skrifstofa borgarstjórnar kanni hvernig er best að óska eftir söfnun gagna um kosningaþátttöku innflytjenda í borgarstjórnarkosningum líkt og gert var af Hagstofunni árið 2006.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa borgarstjórnar.

Kostnaðarmat: Enginn fyrirsjáanlegur kostnaður.

##### **5.3 Upplýsingablað til stjórnmalahreyfinga**

Starfshópurinn safni saman þeim tillögum og athugasemdum sem komu fram í starfi hópsins og varða stjórnmalaflokka og stjórnmalafólk og störf þeirra og sendi til þeirra hreyfinga sem bjóða fram í borgarstjórnarkosningum 2018.

Ábyrgðaraðili: Starfshópurinn.

Kostnaðarmat: Enginn fyrirsjáanlegur kostnaður.

#### **5.4 Tillögur sem heyra undir framkvæmdaraðila kosninga**

Opnað verði fyrir upplýsingasíma og fyrirspurnagátt opni viku fyrir kjördag og upplýsingar um númerið og þjónustuna kynntar rækilega fyrir þeim hópum sem um ræðir, sbr. kafla 1. Á kjörstöðum verði starfsfólk að leiðbeina kjósendum á kjörstað. Í upplýsingasíma Reykjavíkurborgar á kjördag verði veittar upplýsingar um aðgengismál á öllum kjörstöðum. Skoðað verði að koma á fót styrkjaþotti á skrifstofu borgarstjórnar sem grunnskólar geti sótt um í til að fá stuðning og kennslu í að halda kosningar.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa borgarstjórnar.

Kostnaðarmat: 1-1,5 m.kr.

#### **5.5 Bókamerki með merkjum og listabókstöfum stjórnmalahreyfinga í framboði**

Reykjavíkurborg lætur útbúa bókamerki með merkjum, nöfnum og listabókstaf þeirra stjórnmalaflokka sem eru í framboði til borgarstjórnar 2018 og lætur dreifa til þeirra hópa sem vitað er að geti átt erfitt með að glöggva sig á kjörseðli með listabókstöfum eingöngu, t.d. ungt fólk, innflytjendur og fólk með þroskahömlun. Bókamerkinu yrði einnig komið fyrir á prentvænu sniði á upplýsingavef um kosningarnar.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Kostnaðarmat: 500 þ.kr.

## Efnisyfirlit

Inngangur	2
Samantekt – helstu tillögur	4
Efnisyfirlit	7
1. Hópar sem kjósa síður en aðrir	8
1.1 Ungt fólk	8
1.2 Innflytjendur	9
1.3 Konur 80 ára og eldri	10
1.4 Fatlað fólk	10
1.5 Kjörsókn eftir félagslegri stöðu	11
2. Niðurstöður og tillögur	12
2.1 Tillögur að aðgerðum	12
1. Framleiðsla og uppsetning einfaldra og aðgengilegra upplýsinga um borgarstjórnarkosningar 2018	12
2. Vefsíða með skýrum og einföldum upplýsingum um borgarstjórnarkosningar 2018	13
3. Dreifing upplýsinga um borgarstjórnarkosningar 2018	13
4. Samstarf við Háskóla Íslands um gerð kynningarefnis og rannsókn á virkni þess	14
5. Aðrar tillögur	15
3. Ábendingar sem ekki heyra undir Reykjavíkurborg	16
3.1 Stjórn mála flokkar og stjórn mála fólk	16
3.2 Kjörseðill	17
3.3 Rafræn kjörskrá	17
3.4 Færanlegir kjörstaðir	17
3.5 Aðstoð við kosningu	17
3.6 Rafræn atkvæðagreiðsla	17
3.7 Verkefni í vinnslu annars staðar	17
Niðurlag	18
Heimildir	20
Viðauki I – Aðgengi að kjörstöðum. Gátlisti frá málefnaþópi Öryrkjabandalagi Íslands um aðgengi	21
Viðauki II – Kjördeildir í borgarstjórnarkosningum 2014 sem ekki náðu 60% kjörsókn	23

# 1. Hópar sem kjósa síður en aðrir

## 1.1 Ungt fólk

Frá 2014 hefur Hagstofa Íslands kallað eftir upplýsingum um kjörsókn eftir aldri. Kjörsóknin í tveimur yngstu aldurshópnum hefur þróast svona síðan í sveitarstjórnarkosningum 2014:

	Heildarkjörsókn	Kjörsókn 18-19 ára	Kjörsókn 20-24 ára
Sveitarstjórnarkosningar 2014	66,5%	51,9%	45,4%
Forsetakjör 2016	75,7%	63,8%	63,1%
Þingkosningar 2016	79,2%	68,7%	65,7%
Þingkosningar 2017	81,2%	75,2%	69,6%

Ekki eru til tölur um kjörsókn eftir aldri nema í einum sveitarstjórnarkosningum svo erfitt er að fullyrða um breytingar á kjörsókn yngstu kjósendanna. Almennt hefur þó kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum dregist verulega saman undanfarið eins og kemur fram í tillögu borgarstjóra um stofnun starfshópsins. Frá 2002-2014 lækkaði hún jafnt og þétt um 21 prósentustig í Reykjavík og um 16,7 prósentustig á landsvísu. Athygli vekur að í öllum ofangreindum kosningum eru þeir kjósendur sem mega kjósa í fyrsta sinn líklegri til að mæta á kjörstað en næsti aldurshópur fyrir ofan. Hrágögn þessarar söfnunar Hagstofu hafa aldrei verið birt opinberlega en þau staðfesta jafnframt að 18 ára gamlir kjósendur eru líklegri til að mæta á kjörstað en 19 ára.

Á tölunum að ofan má sjá að kjörsókn ungs fólks tók nokkuð við sér milli forsetakjörs 2016 og þingkosninga 2016 og jókst enn meira, bæði sjálfstætt og samanborið við heildarkjörsókn, í nýafstöðnum þingkosningum. Þessar tölur gefa þó ekki tilefni til mikilla fullyrðinga, enda er um afar ólíkar kosningar að ræða og síðustu tvennar þingkosningar þær einu í sögunni þar sem aldursdreifing kjósenda hefur sérstaklega verið könnuð.

Það er þó athyglisvert að bera saman kjörsókn yngstu aldurshópanna milli þingkosninga og sveitarstjórnarkosninga en ætla mátti að málefni sveitarfélaganna ættu meira erindi við ungt fólk en þau málefni sem heyra undir ríkið enda snertifletir nærþjónustunnar við daglegt líf ungs fólks fleiri.

Ýmislegt var reynt til að hafa áhrif á kjörsókn ungs fólks fyrir síðustu alþingiskosningar og árangurinn var mikill þótt ekki sé hægt að fullyrða um áhrif einstakra tilrauna eða viðburða. Kjörsókn á landsvísu jókst úr 79,2% í 81,2% á milli þingkosninga 2016 og 2017 en úr 68,7% í 75,2% hjá aldurshópnum 18-19 ára. Hjá næsta aldurshópi fyrir ofan, 20-24 ára, jókst hún úr 65,7% í 69,6%. Ungt fólk bætti því talsvert meira við sig en aðrir aldurshópar. Til skoðunar kom hjá starfshópnum hvort tónleikar í Valshöllinni á vegum Vökunnar, félagasamtaka um aukna kosningaþátttöku ungs fólks, hefðu haft afgerandi áhrif en erfitt er að fullyrða um það. Kjörsókn ungs fólks 2017 var vissulega talsvert meiri í Reykjavíkurborgardæmum og Kraganum en annarsstaðar á landinu en það var hún líka 2016. Mynstrið virðist óbreytt þótt kjörsóknin hafi heilt yfir aukist talsvert. Þó má velta fyrir sér hvort áhrif umfjöllunarinnar í kringum viðburðinn hafi spilað inn í það að kjörsókn ungs fólks jókst meira á landsvísu en annarra aldurshópa.

Ungt fólk nefnir ýmsar ástæður fyrir því að kjósa ekki, þá helst:

- Skortur á trausti á stjórnámálamönnum og kerfinu almennt. Allir séu jafn spilltir og því breyti niðurstöður kosninga í raun engu.
- Þau upplifa sig sjálf ekki nógu upplýst til að kjósa og treysta sér ekki til þess. Skortur er á fræðslu um stjórnámál og lýðræðislega þátttöku í grunn- og framhaldsskólum.
- Sú tilfinning að þeirra atkvæði skipti ekki máli og því taki því ekki að kjósa.
- Umræður um stjórnámál og samfélagsleg málefni í kringum kosningar eru illskiljanlegar, orðanotkun flókin og ekki verið að tala um þau málefni sem brenna á ungu fólki. Þegar málinu er sérstaklega beint til þeirra upplifa þau að talað sé niður til þeirra bæði af stjórnámálamönnum og í auglýsingum og kynningarefni þar sem þau eru hvött til að kjósa. Skortur á einföldum og aðgengilegum upplýsingum um muninn á sveitarstjórnar- og alþingiskosningum, kosningaferlið og stefnumál flokkanna.
- Ungu fólki er ekki sýnd virðing þegar það tjáir sig um stjórnámál og því dregur það sig í hlé. Þau upplifa sig áhrifalaus og í ákveðnu millibilsástandi í lífinu þar sem þau hafa ekki virka þrýstihópa sem berjast fyrir þeirra hagsmunum sérstaklega.

Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi um lækkun kosningaaldurs úr 18 niður í 16 ár. Ef sú lækkun verður að veruleika fyrir borgarstjórnarkosningar 2018 verður nauðsynlegt að bregðast við hratt og vel með öflugu kynningarátaki fyrir nýja kjósendur á lýðræðislegri þátttöku, hagnýtum upplýsingum um kosningarnar og stjórnámálaflokkana í samstarfi við grunnskóla og aðra innan borgarinnar sem hafa aðgang að hópnum. Þetta er mikilvægt vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að þeir einstaklingar sem kjósa í fyrstu einum til tveimur kosningunum sem þau hafa rétt til eru töluvert líklegri til að kjósa í framtíðinni og að staðaldri heldur en þeir sem ekki taka þátt í þessum fyrstu kosningum. Ef þessi lækkun á kosningaaldri verður að veruleika fyrir þessar kosningar verður ekki mikill tími til stefnu til að ná til þessa nýja aldurshóps og styðja þau við að búa til þann vana til framtíðar að kjósa til borgarstjórnar. Sjá nánar í tillögu 3.

## 1.2 Innflytjendur

Innflytjendur er sífellt stækkandi hópur í íslensku samfélagi. Samkvæmt lögum öðlast danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar kosningarétt eftir að hafa haft lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar eftir að hafa haft lögheimili á Íslandi í fimm ár samfelld fyrir kjördag. Til eru gögn um þátttöku innflytjenda í sveitarstjórnarkosningum 2006 og 2014.

Innflytjendum á kjörskrá fjölgaði um 57% frá 2006 til 2014 og hefur fjölgað enn meira síðan þá. Kosningaþátttaka þeirra hefur hins vegar dregist saman úr 40,4% árið 2006 í 21% árið 2014 eða um 19 prósentustig. Athyglisvert er að norrænir innflytjendur eru mun líklegri til að kjósa en innflytjendur frá öðrum löndum skv. þessum tölum. Mögulegar ástæður þess eru t.d. tungumálaörðugleikar og þannig skortur á upplýsingum um kosningarnar í heild, og önnur eða takmörkuð upplifun af lýðræðislegum kosningum í heimalandinu (ólíkt kerfi, léleg kosningaþátttaka, spilling).

	Kjósendur á kjörskrá			Kosningaþátttaka %		
	Erlendir alls	Norrænir	Aðrir erlendir	Erlendir alls	Norrænir	Aðrir erlendir
2006	4.391	936	3.455	40,4	62,5	34,4
2014	10.183	1.016	9.167	21,0	56,7	17,0

Óvissa ríkir meðal innflytjenda um kosningarétt þeirra og muninn á alþingis- og sveitarstjórnarkosningum. Margir innflytjendur hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum en vita ekki af því, vita ekki hvar þeirra kjörstaður er eða skortir þekkingu um önnur praktísk atriði sem þarf til að geta kosið. Innflytjendur lýsa skorti á einföldum og aðgengilegum upplýsingum á öðrum tungumálum en íslensku um kosningaferlið allt og stefnumál flokkanna.

### 1.3 Konur 80 ára og eldri

Aldursgreind gögn um kjörsókn á Íslandi síðan 2014 sýna að kjörsókn kvenna snarminnkar á efri árum langt umfram það sem gerist hjá körlum. Þannig eru konur líklegri til að kjósa en karlar í öllum aldurshópum fram að eftirlaunaaldri. Í öllum tilfellum sem mæld hafa verið taka karlar fram úr konum einhverntímann eftir 65 ára aldur og jókst munurinn gríðarlega í öllum tilfellum eftir áttrætt. Ekki hefur verið rannsakað hvað veldur svo starfshópurinn viti, en í bréfi formanns öldungaráðs Reykjavíkur, Guðrúnar Ágústsdóttur, til starfshópsins, dags. 10. janúar 2018, og grein sem hún skrifaði fyrir síðustu þingkosningar er nefnd sú mögulega skýring að konur hafi á þessum aldri ekki aðgang að einkabílum á sama hátt og karlarnir. Önnur hugsanleg skýring er svo hrakandi heilsa þó erfitt sé að skýra kynbundna muninn á þann hátt. Í ljósi þess að einungis eru til aldersgreind gögn tæplega fjögur ár aftur í tímann er lítið hægt að fullyrða um þróun þessarar kjörsóknar en það verður áhugavert að fylgjast með sömu aldurshópum í framtíðinni og komast að því hvort um tiltekna kynslóð er að ræða eða almennari línur.

	Kjörsókn eftir kynjum og aldri í %							
	65-69 ára		70-74		75-79		80+	
	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK
Borgarstjórnarkosningar 2014*	79,4	78,8	77,3	82,6	74,1	81,1	57,0	70,8
Forsetakjör 2016	89,2	84,9	88,0	86,3	85,1	85,4	70,2	76,5
Þingkosningar 2016	89,7	90,7	88,0	90,0	84,5	88,8	68,5	78,8
Þingkosningar 2017	91,1	91,2	90,5	91,6	87,3	90,2	72,8	83,0

\* Þetta eru aðeins tölur fyrir Reykjavík sem var eina sveitarfélagið sem kannaði heildarkjörsókn. Annars staðar lét Hagstofa framkvæma úrtaksrannsókn og því ekki til nákvæmar tölur. Tölur úr öðrum kosningum eru frá landinu öllu.

### 1.4 Fatlað fólk

Í greininni Kosningar, lýðræði og fatlað fólk eftir James G. Rice og Rannveigu Traustadóttur kemur fram að oft sé skortur á aðgengilegu upplýsingaefni fyrir kosningar. Vefsíður kjörstjórna, fjölmiðla og stjórnmalaflokka séu óaðgengilegar fótluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir. Til dæmis geti lesvélar ekki lesið efnið, lýsingar vanti með myndefni og efnið sé ekki á auðlesnu formi. Í greininni er jafnframt bent á að algengt sé að þegar stjórnvöld undirbúi kosningar sé ekki hugað að fjölbreyttum aðgengisþörfum fólks. Þannig geti verið litið framhjá þörfum fólks með sjónskerðingar eða þroskahömlun þó að tillit sé tekið til þarfa fólks með hreyfihömlun. Rannsóknir hafi sýnt fram á að fólk með þroskahömlun og fólk með geðræn vandamál mæti



flestum hindrunum við kosningar og fáir úr hópi fólks með þroskahömlun nýti kosningarétt sinn. Meðal þeirra ástæðna sem hafa verið nefndar sem orsök þessa er skortur á vilja foreldra, aðstandenda eða stuðningsaðila til að aðstoða fólk til þátttöku. Einnig hefur verið sýnt fram á að meðal annarra þátta sem útilokað hafa fólk með þroskahömlun frá stjórnmalabátttöku er að kosningabæklingar og annað efni hefur ekki verið til á auðlesnu máli og kjörstaðir hafa verið óaðgengilegir.

Fulltrúar Átaks, félags fólks með þroskahömlun og Landssamtakanna Þroskahjálpar sem komu á fund starfshópsins, greindu frá því að skortur væri á auðlesnu efni í tengslum við kosningar. Það þyrftu að vera aðgengilegar upplýsingar til staðar fyrir fatlað fólk með ólíkar aðgengisþarfir um hvernig kosningar fara fram, hvar viðkomandi kýs og hverjir eigi rétt á aðstoð í kjörklefa. Gott væri að koma upplýsingum heim til fólks sem og til starfsfólks búsetukjarna og sambýla um hvernig starfsfólk getur veitt hlutlausan stuðning til kosningabátttöku. Fram komu áhyggjur hjá fulltrúum Átaks og Þroskahjálpar um að í búsetukjörnum og sambýlum væri hætt á því að á laugardegi (þ.e. kjördegi) væri einungis ófaglært starfsfólk á vakt sem hefði hugsanlega minni skilning á mikilvægi hlutleysis og stuðnings við undirbúning og framkvæmd þess að nýta kosningaréttinn. Sveitarfélögum er í lófa lagið að bregðast við þeim áhyggjum.

Fulltrúar Átaks og Þroskahjálpar töldu mikilvægt að skapa jákvæða ímynd af stjórnála- og kosningabátttöku fatlaðs fólks til þess að auka kosningabátttöku hópsins. Máli skipti að umræða um áhrif fatlaðs fólks og þátttöku þess í stjórnmalum myndi senda út jákvæð skilaboð til kjósenda úr hópi fatlaðs fólks.

Samkvæmt upplýsingum frá Öryrkjabandalagi Íslands er einnig mjög mikilvægt að upplýsingar um aðgengi á kjörstöðum séu til staðar og að þær séu jafnframt aðgengilegar á vefsíðum þar sem fjallað er um kosningarnar. Margt fatlað fólk er vant því að aðgengishindranir séu til staðar víðs vegar í samfélaginu. Þegar fólk gerir frekar ráð fyrir að verða fyrir slíkum hindrunum er hætt á að það velji frekar að sitja heima en að fara á kjörstað og lenda í erfiðleikum vegna lélegs aðgengis. Fatlað fólk þarf oft að gera ýmsar ráðstafanir til þess að komast á kjörstað, t.d. að panta ferðabjónustu eða útvega aðstoðarfólk. Til þess að fatlað fólk geri þessar ráðstafanir til þess að það komist á kjörstað er mikilvægt að þær upplýsingar hafi komist til skila að kjörstaðurinn sé aðgengilegur og að það muni ekki koma til með að lenda í erfiðleikum vegna skorts á aðgengi. Upplýsingar um kjörstaði, aðgengi að kjörstöðum, rétt til aðstoðar o.fl. þurfa því að vera aðgengilegar og komast til kjósendanna, frekar en kjósendur þurfi að bera sig eftir þessum upplýsingum.

Í Bretlandi er rekin öflug landskjörstjórn (Electoral Commission) sem gaf út skýrslu í nóvember síðastliðnum undir yfirskriftinni Kosningar fyrir alla. Þar var upplifun kjósenda með fötlun af því að kjósa í bresku þingkosningunum sumarið 2017 rannsökuð og skýrslan sett fram á auðlesnu máli. Í ljós kom að flest fólk lýsti upplifuninni sem jákvæðri (80%) en fatlað fólk þó síður en aðrir (72%). Meðal þess helsta sem fólk nefndi sem gæti auðveldað því að kjósa var að hafa letur stórt og skýrt, texta auðlesinn, að nota myndir og myndbönd og að hafa opinn hjálparsíma á kjördag og í aðdraganda kosninga. Einnig var nefnt að leiðbeiningar yrðu settar fram með myndum og á hljóðformi.

Með þessari skýrslu fylgir gátlisti um aðgengismál frá Öryrkjabandalagi Íslands sem ætlaður er til notkunar við undirbúning kosninga.

## 1.5 Kjörsókn eftir félagslegri stöðu

Af samtölum starfshópsins við sérfræðinga varð ljóst að fyrir utan þættina og hópana sem að framan eru nefndir hefur félagsleg staða mikil áhrif á kjörsókn. Þannig er hún lægri á sömu stöðum og hlutfall innflytjenda er hátt, húsnæðisverð lágt og atvinnuleysi meira en annarsstaðar.

Þetta er í fullkomnu samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna samkvæmt þeim sérfræðingum sem starfshópurinn hitti.

Starfshópurinn ákvað að leita fanga á vef Hagstofu, Þjóðskrár og Reykjavíkurborgar og reyna að taka saman sambærilegar tölur um ofangreind atriði eftir borgarhlutum. Það reyndist að sumu leyti flókið vegna þess að stofnanirnar miða við ólíka skiptingu borgarinnar. Í grófum dráttum komu þó niðurstöður ágætlega heim og saman við þá hugmynd að félagsleg staða hefði áhrif á kjörsókn. Árið 2014 var hlutfall erlendra ríkisborgara eftir hverfaskiptingu Hagstofunnar hæst á Kjalarnesi (36,5%), því næst í Efra-Breiðholti (25,6%) og þá Austurbæ (18,9%). Atvinnuleysistöður frá því í maí 2014 eru til eftir pósthúmerum en þar standa sömu hverfi upp úr, atvinnuleysi er mest í pósthúmeri 111 sem nær yfir Efra-Breiðholt eða 3,18%, því næst Kjalarnesið, pnr. 116, eða 3,13% og þar á eftir pósthúmer 105 eða Austurbærinn með 2,66%. Á árinu 2014 var meðalkaupverð á sérbýli í Reykjavík 302.564 kr./m<sup>2</sup> en í Breiðholti utan Seljahverfis var meðalkaupverð á sérbýli 211.157 kr./m<sup>2</sup> og í Seljahverfi 200.536 kr./m<sup>2</sup>.

Hjá Reykjavíkurborg eru til gögn um kjörsókn í borgarstjórnarkosningum 2014 greind niður á kjördeildir. Lægst er hún í þeim tveimur kjördeildum þar sem eru allir kjósendur sem eiga lögheimili erlendis eða eru óstaðsettir í hús. Þær kjördeildir verða látnar liggja milli hluta í þessari umfjöllun en fyrir utan þær eru 18 kjördeildir af 84 þar sem kjörsókn er undir 60%. Af þessum 18 eru tíu í Breiðholti, ein á Kjalarnesi, ein í Árbæ, ein í miðbæ og fjórar í Laugardalshöll. Þessar tölur má nálgast í viðauka 2.

Skrifstofa borgarstjórnar býr einnig yfir gögnum um nákvæmlega hvaða götur og húsnúmer eru skráð á þessar kjördeildir og því er hæðarleikur að nálgast þessa íbúa með bréfpósti og hvetja þá til að nýta kosningaréttinn.

## 2. Niðurstöður og tillögur

### 2.1 Tillögur að aðgerðum

Allir sem starfshópurinn ræddi við töldu stærstu hindrun þeirra hópa sem kysu minna en aðrir vera skort á skýrum, einföldum og aðgengilegum upplýsingum um allt er varðar kosningar. Hvað heyrir undir sveitarstjórnarstigið, upplýsingar um kosningarétt, kjörstaði og ferlið við að kjósa, upplýsingar um stefnu flokkanna í framboði, bæði almennt og í málum sem varða þessa hópa sérstaklega, o.s.frv. Helstu tillögur hópans um aðgerðir til að auka kosningaþátttöku almennt og sérstaklega þeirra hópa sem kjósa minna en aðrir eru því helst miðaðar að því að koma upplýsingum á einfalt og aðgengilegt form og kynna þær svo fyrir þeim hópum sem um ræðir á hátt sem hentar hverjum hópi fyrir sig.

#### 1. Framleiðsla og uppsetning einfaldra og aðgengilegra upplýsinga um borgarstjórnarkosningar 2018

Lagt er til að útbúinn verði upplýsingapakki um hvað heyrir undir sveitarstjórnarstigið, kosningarétt, kjörstaði, ferlið við að kjósa o.þ.h. Að upplýsingarnar séu settar fram á einföldu og skýru máli. Mikilvægt er að þetta sé gert í samstarfi við fagaðila í þess konar framsetningu og textinn svo lesinn yfir af fulltrúum þeirra hópa sem um ræðir.

Útbúinn verði spurningalisti fyrir stjórnmalahreyfingar sem hyggjast bjóða fram ásamt góðum leiðbeiningum um hvernig hægt sé að setja upplýsingarnar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt. Hvatt verði til þess að stefnan sé sett fram á skýru og stuttu máli til birtingar á vefsíðu um kosningarnar, sbr. tillögu 2.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa (uppsetning upplýsinga á einföldu og aðgengilegu formi í samstarfi við sérfræðing og með yfirlestri frá fulltrúum viðeigandi hópa) og skrifstofa borgarstjórnar (samantekt almennra upplýsinga um kosningar og samskipti við stjórnsmálhreyfingar).

Kostnaðarmat: 50.000-100.000 kr. (aðkeypt vinna sérfræðings í auðlesnu efni)

## 2. Vefsíða með skýrum og einföldum upplýsingum um borgarstjórnarkosningar 2018

Starfshópnum þykir ljóst eftir vinnu sína að nauðsynlegt sé að setja fram á einni vefsíðu þær upplýsingar sem um er fjallað í tillögu 1. Þar leggur hópurinn til tvær mögulegar útfærslur:

- a. Reykjavíkurborg setur upp vefsíðu með upplýsingum úr tillögu 1.
- b. Reykjavíkurborg styrkir vefsíðuna [www.egkys.is](http://www.egkys.is) með fjármagni og vinnu starfsmanns frá borginni sem kæmi inn í #ÉgKýs teymið.

Lýðræðisátakið #ÉgKýs er á vegum Landssambands ungmennafélaga og Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Nánar má lesa um verkefnið í kafla 3.7. Það er mat starfshópsins að seinni kosturinn, tillaga 2.b., sé skynsamlegri. Þegar hefur mikil vinna og fjármagn verið lögð í að setja upp og kynna þá síðu og því hagkvæmara að byggja á þeim grunni en byrja upp á nýtt. Markmið verkefnisins #ÉgKýs fara saman með þeim markmiðum sem tillögur starfshópsins eiga að uppfylla og stjórnendur verkefnisins eru tilbúin að vinna með Reykjavíkurborg að þeim, og borgin nyti góðs af reynslu, drifkrafti og öflugu tengslaneti stjórnenda átaksins.

Stjórnendur verkefnisins eru nú þegar í samstarfi við ýmsa sem gagnlegt væri að koma inn í og halda áfram með, t.d. Háskóla Íslands og Vökuna, félagasamtök um aukna kosningaþátttöku ungs fólks. Stjórnendur verkefnisins eru sérfróðar um þátttöku ungs fólks svo gott væri að Reykjavíkurborg legði til aðila sem þekkir til málefna innflytjenda og fatlaðs fólks. Reykjavíkurborg leggi til fjármagn til að uppfæra efnið sem á síðunni er, bæta við efni (sjá tillögu 1) og þýða yfir á önnur tungumál svo skírskotunin verði sem breiðust. Gæta þarf þess að Reykjavíkurborg sé eigandi þess efnis sem hún lætur framleiða og hafi tækifæri til að koma sömu upplýsingum á framfæri á vef borgarinnar.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Kostnaðarmat: 3,0 m.kr. til uppfærslu og þýðinga á efni og forritunar á vefsíðunni.

## 3. Dreifing upplýsinga um borgarstjórnarkosningar 2018

Kynningarherferð verði hönnuð fyrir borgarstjórnarkosningar 2018 þar sem áhersla verði lögð á að kynna þær upplýsingar sem rætt er um í tillögu 1, meðal annars með því að vísa í vefsíðuna sem um er rætt í tillögu 2.

Mikilvægt er að tónninn í herferðinni sé jákvæður, prediki ekki og sýni þeim hópum sem hún er miðuð að virðingu. Áhersla verði lögð á að sýna fyrirmyndir úr þeim hópum sem taka síður þátt, en alls ekki hamra á að ungt fólk, innflytjendur o.s.frv. taki ekki þátt þar sem það getur haft letjandi áhrif frekar en hvetjandi. Haft sé samráð við þá hópa sem á að ná til við hönnun herferðarinnar.

Starfshópurinn fann fyrir eftirspurn eftir myndbandi sem lýsir ferlinu á kjörstað. Nýta mætti dagana fyrir kjördag, eftir að kjörklefum hefur verið komið upp, til gerðar slíks myndbands. Þar væri kjósanda fylgt eftir frá því hann mætir á kjörstað og þar til atkvæðið er komið í kjörkassa. Myndbandið væri textað á íslensku, ensku og pólsku að lágmarki.

Lagt er til að notast sé við auglýsingastofu í þessu verkefni. Þar sem tónn herferðarinnar er mjög mikilvægur er lögð til sú leið að gera verðfyrirspurn meðal þeirra auglýsingastofa sem eru meðlimir Sambands Íslenskra auglýsingastofa. Að því loknu verði efstu þremur stofnunum greitt fyrir að gera hugmynd að herferð sem Reykjavíkurborg getur valið á milli. Nýta þarf samfélagsmiðla vel og sérstaklega þann möguleika að kortleggja hópa þar inni og sérsníða auglýsingar að hverjum hópi fyrir sig. Ef hægt er að byggja einhvers konar „viral element“ inn í herferðina er það gott, en það er þó vandmeðfarið ef halda á í virðingarfullan tón herferðarinnar.

Að auki er lagt til að sendur verði persónulegur bréfpóstur á þá Reykvíkinga sem hafa kosningarétt í borgarstjórnarkosningum nú í fyrsta sinn, ungt fólk og innflytjendur, þar sem þeim er óskað til hamingju með kosningaréttinn og þeim bent á hvar þau eigi að kjósa, t.d. með ljósmynd af kjörstaðnum. Gæta þarf þess að póstur til innflytjenda sé að lágmarki á þremur tungumálum. Jafnframt sé slíkur póstur sendur á konur 80 ára og eldri þar sem vakin yrði athygli á möguleikanum á ferðaþjónustu og lögð áhersla á upplýsingasíma. Hvert bréf sé sniðið sérstaklega að þörfum viðkomandi hóps. Þá er lagt til að dreifibréf (mögulega mætti nýta bókamerkið úr tillögu 5.5 í þessum tilgangi) verði borið í þær götur sem tilheyra kjördeildunum sem hvað síst kusu í borgarstjórnarkosningum 2014, sbr. kafla 1.5.

Tölvupóstur verði sendur á þá póstlista sem Reykjavíkurborg hefur aðgang að og tilheyra hópunum. Leitað verði eftir samstarfi við hagsmunasamtök hópanna sem um ræðir um dreifingu eftir leiðunum sem þau kunna að búa yfir. Við gerð póstsins skal samráð haft við fulltrúa þeirra hópa sem um er að ræða.

Nýta mætti strætó og strætóskýli fyrir kynningarefni þar sem margir innan þeirra hópa sem um ræðir notast við strætó. Lagt er til að óskað verði eftir samstarfi við vinnustaði þar sem margir innflytjendur vinna, þannig væri hægt að fá að koma inn með fræðslu og setja upp auglýsingar. Einnig mætti kanna möguleika á samstarfi við stéttarfélag og móðurmáls- og íslenskukennslu fyrir innflytjendur, auk þess sem kynningarefni þarf að vera til staðar á fjölförnum stöðum og í almannarými, nefna mætti stórverslanir og sundlaugar. Kanna mætti samstarf við trúfélög þar sem margir innflytjendur eru meðlimir.

Kanna þarf hvort og hvernig er hægt að komast í samband við þá Íslendinga búsetta erlendis sem hafa kosningarétt í kosningunum og senda þeim ef mögulegt er tilkynningu um kosningarétt þeirra og kjörstað.

Mikilvægt er að hafa í huga að ef frumvarp um lækkun kosningaaldurs verður samþykkt fyrir komandi kosningar þarf að huga hratt og skilvirkt að því hvernig hægt er að ná til þess aldurshóps með það að markmiði að fá sem stærstan hluta hans til að nýta þau nýfengnu réttindi, sjá nánari umfjöllun í niðurlagi kafla 1.1.

Ábyrgðaraðili: Upplýsingadeild. Starfshópurinn veiti ráðgjöf og verði í samstarfi við upplýsingadeild eftir þörfum.

Kostnaðarmat: Prentun og dreifing á bréfpósti: 3 m.kr. Samstarf við auglýsingastofu: Áætlaður kostnaður við að fara í verðfyrirspurn og greiða svo efstu þremur stofnunum fyrir hugmynd að herferð til að velja úr er 0,5 milljónir samkvæmt áætlun sérfræðings. Heildarkostnaður við samstarf við auglýsingastofu mun ráðast af niðurstöðu verðfyrirspurnar og fjárveitingu en búast má við að sá liður verði stærsti einstaki kostnaðarliðurinn við verkefnið í heild.

#### **4. Samstarf við Háskóla Íslands um gerð kynningarefnis og rannsókn á virkni þess**

Starfshópurinn hitti sérfræðinga frá Háskóla Íslands sem hafa rannsakað kosningaþátttöku. Þau hafa lýst áhuga á samstarfi við Reykjavíkurborg þar sem kannað væri hvers vegna ákveðnir hópar kjósa síður en aðrir og mismunandi inn grip hönnuð (líklega byggð á sms-sendingum til

ákveðinna hópa að norrænni fyrirmynd) til að hvetja til kosningaþátttöku og í kjölfarið færi fram samanburðarrannsókn á virkni mismunandi skilaboða. Þannig mætti auka þekkingu borgarinnar til framtíðar á hvernig virkja má þá hópa sem kjósa síður. Mannréttindaskrifstofa kanni hvaða samstarfssamningar eru fyrir hendi við stofnanir Háskólans og hvort verkefnið geti fallið undir einhverja þeirra.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Kostnaðarmat: 2 m.kr. skv. áætlun sérfræðinga í kosningarannsóknum við Háskóla Íslands.

## 5. Aðrar tillögur

### 5.1 Stuðningur við þjónustunotendur velferðarsviðs

Mikilvægt er að notendur þjónustu velferðarsviðs fái viðeigandi hvatningu og faglegan og hlutlausan stuðning til að nýta sinn kosningarétt ef þeir óska þess. Lagt er til að velferðarsvið tryggi að á vakt sé faglærður starfsmaður í öllum búsetuúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar á kjördag. Starfsfólk aðstoði fatlað fólk í sértækum húsnæðisúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar við hafa samband við persónulega talsmenn sína í þeim tilfellum þar sem slíkir eru til staðar. Eins sé hægt að benda á möguleika á að fá aðstoð hjá réttindagæslumanni fatlaðs fólks ef fólk uppfyllir skilyrði laga um aðstoð við kosningu.

Einnig er lagt til að skrifstofa borgarstjórnar og mannréttindaskrifstofa aðstoði velferðarsvið við að veita starfsfólki faglegar leiðbeiningar um hvernig best megi aðstoða þjónustunotendur við að nýta kosningaréttinn, til dæmis með námskeiði.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar og mannréttindaskrifstofu.

Kostnaðarmat: Fyrirsjáanlegur kostnaður við þessa tillögu felst í launakostnaði faglærðs starfsfólks velferðarsviðs á kjördag.

### 5.2 Söfnun á gögnum um kosningaþátttöku innflytjenda

Skrifstofa borgarstjórnar kanni hvernig er best að óska eftir söfnun gagna um kosningaþátttöku innflytjenda í borgarstjórnarkosningum líkt og gert var af Hagstofunni árið 2006. Mikilvægt er að fylgjast með þessari þróun, sér í lagi í ljósi þess að innflytjendur með kosningarétt er hópur sem fer ört stækkandi og mun stækka enn frekar á komandi árum.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa borgarstjórnar.

Kostnaðarmat: Enginn fyrirsjáanlegur kostnaður.

### 5.3 Upplýsingablað til stjórnmalahreyfinga

Margt sem kom fram á fundum starfshópsins varðar stjórnmalaflokka og stjórnmalafólk, og heyrir því ekki undir Reykjavíkurborg, sbr. kafla 3.1. Lagt er til að hópurinn vinni upp úr gögnum sínum upplýsingablað til þeirra stjórnmalahreyfinga sem bjóða fram í borgarstjórnarkosningum 2018 með þeim niðurstöðum hópsins sem varða þá. Upplýsingablaðið verði sent stjórnmalahreyfingum þegar ljóst þykir að þær muni bjóða fram, eigi síðar en 5. maí þegar framboðsfrestur rennur út.

Ábyrgðaraðili: Starfshópurinn.

Kostnaðarmat: Enginn fyrirsjáanlegur kostnaður.

#### 5.4 Tillögur sem heyra undir framkvæmdaraðila kosninga

Opnað verði fyrir upplýsingasíma og fyrirspurnagátt um kosningarnar á lifandi vefsvæði á íslensku, ensku og pólsku hjá skrifstofu borgarstjórnar um kosningarnar viku eða einhverjum dögum fyrir kjördag og upplýsingar um númerið og þjónustuna kynntar rækilega fyrir þeim hópum sem um ræðir, sbr. kafla 1. Á öllum kjörstöðum verði starfsfólk í gulum vestum sem hafi það hlutverk að leiðbeina kjósendum á kjörstað. Upplýsingasími Reykjavíkurborgar á kjördag verði sérstaklega auglýstur með tilliti til þess að þar megi nálgast upplýsingar um aðgengismál á öllum kjörstöðum. Skoðað verði að koma á fót styrkjaþotti á skrifstofu borgarstjórnar sem grunnskólar geti sótt um í til að fá stuðning og kennslu í að halda kosningar.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa borgarstjórnar.

Kostnaðarmat: 1-1,5 m.kr.

#### 5.5 Bókamerki með merkjum og listabókstöfum stjórnmalahreyfinga í framboði

Fulltrúar ungs fólks, innflytjenda og fatlaðs fólks bentu öll á að kjörseðill með listabókstaf eingöngu gæti verið ruglandi, ekki síst þegar flokkum í framboði hefur verið að fjölga, og að merki flokksins á kjörseðli auk listabókstafs myndi auðvelda mörgum að kjósa eftir sannfæringu sinni, sbr. kafla 3.2 um tillögur sem ekki heyra undir borgina. Það væri hjálplegt fyrir þessa hópa að Reykjavíkurborg léti búa til bókamerki með merki, nafni og listabókstaf þeirra flokka sem verða í framboði í borgarstjórnarkosningum 2018. Þeim mætti dreifa með bréfpóstinum til innflytjenda og yngstu kjósendanna, sbr. tillögu 3, og koma í dreifingu á búsetuúrræðum Reykjavíkurborgar fyrir fólk með þroskahömlun. Þau væru handhæg og því vel til þess fallin að taka með sér á kjörstað til að glöggva sig á kjörseðlinum. Bókamerkinu væri einnig komið fyrir á prentvænu sniði á upplýsingavef um kosningarnar, sbr. tillögu 2.

Ábyrgðaraðili: Mannréttindaskrifstofa.

Kostnaðarmat: 500 þ.kr.

### 3. Ábendingar sem ekki heyra undir Reykjavíkurborg

Við vinnu sína bærust starfshópnum margar ábendingar um aðgerðir til auka kosningaþátttöku þeirra hópa sem síður kjósa sem heyra ekki undir Reykjavíkurborg. Starfshópurinn telur engu að síður mikilvægt að halda þeim til haga og koma á framfæri í þessari skýrslu.

#### 3.1 Stjórnmalaflokkar og stjórnmalafólk

Allir þeir hópar sem kjósa minna en aðrir og starfshópurinn ræddi við kölluðu eftir skýrari og aðgengilegri upplýsingum frá stjórnmalahreyfingum um stefnu þeirra almennt og í málum sem varða þessa hópa sérstaklega. Ungt fólk kallaði eftir því að stjórnmalamenn töluðu til þeirra á „mannamáli“ en þó af virðingu.

Íslenska kosningarannsóknin sýnir skýrt að ungt fólk hefur ekki minni áhuga á stjórnmalum en aðrir aldurshópar. Ekkert hefur heldur dregið úr áhuga yngstu kjósendanna á stjórnmalum frá því að rannsóknin hóf göngu sína, snemma á níunda áratug síðustu aldar. Þó nefnir ungt fólk lítið traust á hefðbundnum stjórnmalaflokkum og stjórnmalafólki gjarnan sem ástæðu þess að það kys ekki. Áhugi ungs fólks á samfélagsmálum er líka óumdeildur og sést einna best á fjölmörgum samfélagsmiðlabyltingum undanfarinna ára sem hafa verið bornar uppi af fólki í

framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla. Margt af því sem þessar byltingar hafa snúist um heyrir beint undir sveitarstjórnarstigið.

Íslenska kosningarannsóknin sýnir einnig að utanaðkomandi viðburðir og stórar fréttir af sviði stjórnmalanna hafa mun meiri áhrif, bæði hvetjandi og letjandi, á kjörsókn ungs fólks og annarra óvanra kjósenda en þeirra sem eru vanir að kjósa. Þannig eru stórar fréttir af spillingarmálum líklegri til að draga úr trausti yngri kjósenda og letja þá til að mæta á kjörstað. Stjórnmalahreyfingar og -fólk gegna því mikilvægu hlutverki í því verkefni að auka þátttöku yngstu kjósendanna.

### 3.2 Kjörseðill

Fulltrúar ungs fólks, innflytjenda og fatlaðs fólk bentu öll á að kjörseðill með listabókstaf eingöngu gæti verið ruglandi, ekki síst þegar flokkum í framboði hefur verið að fjölga, og að merki flokksins á kjörseðli auk listabókstafs myndi auðvelda mörgum að kjósa eftir sannfæringu sinni. Til þess að þessu mætti koma við þyrfti að breyta kosningalögum.

### 3.3 Rafræn kjörskrá

Kjörskrá á rafrænu formi myndi auk þess að einfalda framkvæmd kosninga auðvelda alla vinnu við rannsóknir á kjörsókn og hönnun á inngripum til að auka kosningaþátttöku ákveðinna hópa og gera úrræði eins og færanlega kjörstaði mögulega, sjá kafla 3.4. Það má ennfremur leiða líkur að því að kjörsókn aukist ef kjósendur geta valið sér kjörstað eftir hentisemi.

### 3.4 Færanlegir kjörstaðir

Kjörstaður sem er ekið um borgina á kjördag (samanber fyrirbæri eins og blóðgjafarbílinn og bókabílinn) hefur gefið góða raun þar sem það hefur verið prófað, t.d. í Danmörku. Slíkt er þó ekki raunhæft fyrr en komin er rafræn kjörskrá, sjá kafla 3.3.

### 3.5 Aðstoð við kosningu

Samkvæmt lögum getur fatlað fólk eingöngu fengið aðstoð í kjörklefa vegna sjónleysis eða þess að því sé ónýt höndin. Landssamtökin Þroskahjálpi bentu á að rýmka þyrfti þessa heimild til að auðvelda fötluðu fólki þátttöku í kosningum síðast þegar þetta ákvæði var endurskoðað (2012) en það náði ekki fram að ganga. Þau telja að hættan á að aðstoðarmanneskjan misnoti aðstöðu sína og hafi áhrif á atkvæði kjóсандans sé til staðar en hitt sjónarmiðið vegi þyngra, þ.e. að sem flestu fötluðu fólki sé gert auðveldara og aðgengilegra að nýta atkvæðisrétt sinn.

### 3.6 Rafræn atkvæðagreiðsla

Rétt er að minnast sérstaklega á rafræna atkvæðagreiðslu sem oft er nefnd sem lausn til að auka kosningaþátttöku ungs fólks sérstaklega. Samkvæmt þeim sérfræðingum sem starfshópurinn leitaði til bendir reynsla þeirra ríkja sem hafa gert tilraunir með rafræna atkvæðagreiðslu ekki til þess að hún auki kosningaþátttöku, hvorki almennt né hjá ungu fólki, en þvert á móti sé ýmislegt sem bendi til að hún geti dregið úr kjörsókn. Þar hefur meðal annars verið nefnt að kjósendur líti atkvæðagreiðsluna hreinlega ekki eins alvarlegum augum þegar hún er komin á netið og úr hinu hátíðlegra umhverfi hefðbundinna kjörstaða. Hins vegar myndi rafræn kjörskrá hafa ýmsa kosti í för með sér, bæði hvað varðar aðgengi að kosningu og rannsóknir á kosningaþátttöku, sbr. umfjöllun í kafla 3.3.

### 3.7 Verkefni í vinnslu annars staðar

Starfshópurinn fundaði með mismunandi hagsmunaaðilum og fékk upplýsingar um ýmis önnur verkefni sem eru í gangi eða undirbúningi til að auka þátttöku í kosningum. Þau helstu sem hópurinn fékk upplýsingar um eru eftirfarandi:

**Átak**, félag fólks með þroskahömlun, fer af stað með kynningu og fræðslu hjá sveitarfélögum, um kosningaþátttöku fatlaðs fólks. Verkefnið fer af stað í byrjun febrúar og ætla fulltrúar félagsins að heimsækja sveitarfélög og benda þeim á mikilvægi málaflöksins og þau atriði sem þarf að hafa í huga til að auðvelda fötluðu fólki að taka þátt í kosningum.

Verkefnið „**Kosningavakning: #ÉgKýs**“ er allsherjar lýðræðisátak. Í því felst að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun. Kosningaátakið felst í að gera allt sem mögulegt er til að auka kosningaþátttöku og lýðræðislega ábyrgð ungs fólks. Aðgerðir sem var farið í: fundir ungs fólks með frambjóðendum um land allt, netherferð, dreifing á myndböndum og lýðræðisvika sem endaði með skuggakosningum í framhaldsskólum. Landssamband ungmennafélaga (LUF) og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) halda utan um verkefnið sem er samstarf margra hagsmunaaðila sem koma að því með einum eða öðrum hætti: Til að mynda aðildarfélög LUF og SÍF, Samtök íslenskra stúdenta (LÍS), SAMFÉS (Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi), stjórnmaflökkarnir og ungliðahreyfingar þeirra, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, fjölmiðlar og margir fleiri.

**Umboðsmaður barna** í samstarfi við RÚV hefur framkvæmt krakkakosningar. Krakkakosningar hafa auðveldað kennurum að tala um stjórnmál við börn og unglina og efla lýðræðisvitund þeirra. Í aðdraganda krakkakosninga hafa spurningar um málefni barna verið sendar á flokkana og fulltrúar flokkanna svo svarað og svörin sýnd í sjónvarpinu. Framkvæmd krakkakosninganna hefur þróast með reynslunni og um 20 skólar tóku þátt í kosningunum fyrir síðustu alþingiskosningar. Embættið vill gjarnan halda verkefninu áfram en gerir sér grein fyrir að það verður flóknara að vinna krakkakosningar fyrir sveitarstjórnarkosningar þar sem sveitarfélögin eru mörg og hafa ólíkar áherslur og málefni.

**Starfshópur í forsætisráðuneyti** til að auka traust á stjórnmálum. Forsætisráðherra hefur skipað starfshóp um eflingu trausts á stjórnmálum og stjórnsýslu í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Hópnum er falið að taka mið af starfi sem unnið hefur verið í tengslum við opinber heilindi hérlendis og erlendis, til dæmis væntanlegri fimmtu úttektarskýrslu GRECO, sem fjallar meðal annars um vernd gegn spillingu meðal æðstu handhafa framkvæmdavalds. Starfshópurinn skal skila skýrslu um störf sín eigi síðar en 1. september 2018.

**Frumvarp um lækkun kosningaraldurs** er lagt fram til að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur. Verði frumvarpið að lögum mun kosningaréttur í sveitarstjórnarkosningunum 2018 miða við 16 ára aldur (nærri 9.000 manns) í stað 18 ára eins og nú er. Andrés Ingi Jónsson, flutningsmaður frumvarpsins, telur að þetta sé leið til að auka lýðræðisáhuga ungs fólks og gera ungmenni að virkum þátttakendum á þessu aldurs skeiði, þ.e. frá barni til fullorðins. Tekið er á móti umsögnum um frumvarpið til 19. janúar 2018.

## Niðurlag

Starfshópnum var settur frekar þröngur tímarammi en þó náðum við víðtæku samráði sem reyndist mjög dýrmætt. Þegar við lögðum af stað reiknuðum við með því að hópurinn myndi skila hugmynd að auglýsingaherferð sem færi aðallega fram á samfélagsmiðlum en eftir því sem samráðið við hagsmunaaðila varð meira varð okkur ljósara að það er fyrst og fremst skortur á aðgengilegum upplýsingum sem heldur aftur af kjörsókninni en ekki skortur á áhuga eða hvatningu. Í heildina gekk starfið mjög vel. Við vonumst til þess að niðurstöður okkar verði gott veganesti inn í starf Reykjavíkurborgar næstu mánuðina, lýsum yfir eindregnum vilja til að vinna áfram að þeim verkefnum sem við getum og hvetjum eindregið til að þær hugmyndir sem fram koma í skýrslunni verði að veruleika.





## Heimildir

- The Electoral Commission. 2017. Elections for Everyone: Experiences of people with disabilities at the 8 June 2017 UK Parliamentary general election. Sótt af:  
[https://www.electoralcommission.org.uk/\\_data/assets/pdf\\_file/0008/237194/Accessibility-report-call-for-evidence.pdf](https://www.electoralcommission.org.uk/_data/assets/pdf_file/0008/237194/Accessibility-report-call-for-evidence.pdf)
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Kosningabátttaka erlendra ríkisborgara 2006 og 2014. Sótt af:  
[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_kosningar\\_sveitastjorn\\_svf\\_urslit/KOS03216.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_kosningar_sveitastjorn_svf_urslit/KOS03216.px/)
- Hagstofa Íslands. 2015. Hagtíðindi um sveitarstjórnarkosningar 2014. Sótt af:  
<https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=55767>
- Hagstofa Íslands. 2016. Hagtíðindi um Alþingiskosningar 2016. Sótt af:  
<https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=57684>
- Hagstofa Íslands. 2016. Hagtíðindi um forsetakjör 2016. Sótt af:  
<https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=57073>
- Hagstofa Íslands. 2017. Hagtíðindi um Alþingiskosningar 2017. Sótt af:  
<https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=59055>
- James G. Rice og Rannveig Traustadóttir. 2017. Kosningar, lýðræði og fatlað fólk. Sótt af:  
[https://www.researchgate.net/publication/317607837\\_Kosningar\\_lydraedi\\_og\\_fatlad\\_folk](https://www.researchgate.net/publication/317607837_Kosningar_lydraedi_og_fatlad_folk)
- Reykjavík í tölum, vefur Reykjavíkurborgar. Sótt af:  
<http://tolur.reykjavik.is/PXWeb/pxweb/is/>
- Vefur Þjóðskrár Íslands, talnaefni. Sótt af:  
<https://www.skra.is/markadurinn/talnaefni/soluverd-ibudarhusnaedis-eftir-hverfum-a-hofudborgarsvaedinu-og-akureyri/>
- Germann, Micha; Serdült, Uwe (2017-06-01). Internet voting and turnout: Evidence from Switzerland. Sótt af:  
<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S026137941630453X>. *Electoral Studies*. 47: 1–12.

## Viðauki I - Aðgengi að kjörstöðum. Gátlisti frá málefnaþópi Öryrkjabandalagi Íslands um aðgengi

### Bílastæði og aðkoma að kjörstað

Nægt framboð af bílastæðum fyrir hreyfihamlaða sé við kjörstað og sem næst inngangi. Skv. byggingarreglugerð skulu þau vera " 3,80 m x 5,00 m að stærð eða 2,80 m x 5,00 m með hindrunarlausu 1,00 m breiðu umferðarsvæði samsíða." (6.2.4. gr.)

Aðgengi að kjörstað þarf að vera hindrunarlaust frá bílastæði og alla leið inn að kjörklefa. Meðal annars þarf aðkomuleið að vera án þrepa, skábrautir mega ekki vera brattari en 1:20 að jafnaði og þröskuldar ekki hærrí en 25 mm. Dyragættir þurfa að vera a.m.k. 0,8 m að breidd og útidyr með sjálfvirkum opunarbúnaði.

Ef kjörstaðurinn uppfyllir ekki þessi skilyrði, þá er hann óhentugur sem slíkur.

### Salerni og hvíldaraðstaða

Salerni fyrir hreyfihamlaða þarf að vera á kjörstað.

Mikilvægt er að nægt framboð sé af bekkjum og stólum með handstöðum á kjörstað. Margt fólk á erfitt með gang og þarf reglulega að setjast niður.

### Upplýsingar á kjörstað

Upplýsingar þurfa að taka mið af þörfum blindra og sjónskertra, fólks með þroskahömlun og lesblindra. Kosningaefni er oft flókið fyrir fólk með þroskahömlun og því þurfa upplýsingar að vera eins skýrar og skilmerkilegar og auðið er. Allur texti þarf að vera vel læsilegur, í stórum stöfum og skýrri leturgerð, t.d. Arial.

Starfsfólk þarf að vera sýnilegt og tilbúið að aðstoða þá sem koma inn á kjörstað.

### Á kjördeild

Kjósandi sem þarf aðstoðar við "sökum sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf" má skv. lögum velja eigin fulltrúa eða einhvern úr kjörstjórninni. Mikilvægt er að kjörstjórn sé kunnugt um það.

Hægt er að óska eftir að fá afnot af skapalóni með upphleyptu punktalettri, sk. blindraspjald, og stækkunargleri. Það vita ekki allir af því að hægt sé að óska eftir þessum hjálpartækjum. Benda þarf kjörstjórn á að upplýsa kjósendur um að þau séu til staðar. Æskilegt er að stækkunargler sé í hverjum kjörklefa, frekar en frammi við þar sem fáir vita af þeim.

### Kjörklefinn

Stærðir: Á kjörstað þurfa að vera aðgengilegir kjörklefar fyrir notendur hjólastóla, sem eru nægilega stórir til að athafna sig í og v næði til að kjósa. Hjólastólar sem eru í notkun á Íslandi geta verið allt að 0,71 m að breidd og 1,77 m að lengd. Í þessum klefum þurfa borð að vera í hæfilegri hæð, en ekki svo að þau hindri aðgengi.

Birta: Lýsing í kjörklefum þarf að vera nægileg til að sjónskertir geti lesið á kjörseðilinn.

Ekkert um okkur án okkar!

Málefnaþing ÖBÍ um aðgengi

## Viðauki II – Kjördeildir í borgarstjórnarkosningum 2014 sem ekki náðu 60% kjörsókn

Hagaskóli	8. Kjördeild	11,0%
Ráðhús	10. Kjördeild	14,1%
Íþróttahúsið Austurbergi	4. Kjördeild	48,3%
Íþróttahúsið Austurbergi	7. Kjördeild	49,3%
Íþróttahúsið Austurbergi	3. Kjördeild	52,0%
Íþróttahúsið Austurbergi	1. Kjördeild	53,0%
Klébergsskóli	1. Kjördeild	53,0%
Árbæjarskóli	3. Kjördeild	53,8%
Íþróttahúsið Austurbergi	6. Kjördeild	54,0%
Ölduselsskóli	2. Kjördeild	54,1%
Íþróttahúsið Austurbergi	5. Kjördeild	54,1%
Íþróttahúsið Austurbergi	9. Kjördeild	54,3%
Ráðhús	4. Kjördeild	55,1%
Íþróttahúsið Austurbergi	2. Kjördeild	55,3%
Laugardalshöll	8. Kjördeild	56,0%
Laugardalshöll	4. Kjördeild	56,1%
Laugardalshöll	6. Kjördeild	56,6%
Íþróttahúsið Austurbergi	8. Kjördeild	57,8%
Ráðhús	5. Kjördeild	58,5%
Laugardalshöll	11. Kjördeild	59,6%





## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að gera tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningaþátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík sbr. tillaga borgarstjóra sem samþykkt var í borgarráði þann 12. október 2017.

#### Helstu verkefni:

Starfshópurinn geri tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018. Bæði verði hugað að almennum aðgerðum en sérstaklega leitað leiða til þess að auka kosningaþátttöku þeirra hópa þar sem kosningaþátttaka hefur verið verri en annarra, t.d. ungs fólks og fólks af erlendum uppruna. Leitað verði hugmynda og leiða í samvinnu við sérfróða aðila á sviði markaðs- og kynningarmála, og sjónum í því sambandi einkum beint að samfélagsmiðlum.

#### Starfshópurinn skipa:

Unnur Margrét Arnardóttir, sérfræðingur, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Joanna Marcinkowska, verkefnastjóri, mannréttindaskrifstofa.

Tómas Ingi Adolfsson, sérfræðingur, mannréttindaskrifstofa.

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, verkefnastjóri, skrifstofa borgarstjórnar.

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Tillögurnar verði unnar í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna og fjölmeningarráð og verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði. Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

#### Starfstímabil:

Tillögur starfshópsins verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði eigi síðar en 15. janúar 2018.

Reykjavík, 16. nóvember 2017

Dagur B. Eggertsson

#### Hjálagt:

Tillaga borgarstjóra dags. 28. september 2017 um leiðir til þess að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018.